

AUGLÝSING um deiliskipulag í Akraneskaupstað.

Breyting á deiliskipulagi Arnardalsreits.

Á fundi bæjarstjórnar Akraneskaupstaðar sem haldinn var þann 11. september 2007, var samþykkt deiliskipulagsbreyting á reit Arnardals á Akranesi.

Breytingin felst meðal annars í því að byggingarreitir á lóðum við Kirkjubraut, Arnarholt og Skagabraut eru endurskilgreindir. Fallið er frá kröfu um að íbúðarhús og bílageymsla á lóðinni Kirkjubraut 46 verði fjarlægð og verður lóðin áfram íbúðarlóð með hámarksnýtingarhlutfalli 0,4. Hluti lóðarinnar nr. 48 við Kirkjubraut verður skilgreindur sem bílastæði. Lóðirnar Skagabraut 9 - 11 og 13 eru sameinaðar. Lóðin Skagabraut 9-11-13 verður þjónustu- og verslunarlóð með heimild fyrir íbúðarhúsnæði á efri hæð og verður hámarksnýtingarhlutfall 1,3.

Framangreind deiliskipulagsbreyting var auglýst skv. 1. mgr., 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 og hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Deiliskipulagsbreytingin tekur þegar gildi.

Akranesi, 5. október 2007.

Þorvaldur Vestmann,
sviðsstjóri tækni- og umhverfissviðs.